

## Inntak og form stjórnarskrárinnar - tillaga

Í gær, 12. október, heimsótti ég einn nefndarmanna í undirbúningsnefnd fyrir stjórnlagabing. Erindi mitt var tvíþætt. Annars vegar vildi ég koma með ábendingar hvað varðar einstök atriði sem snúa að þjóðfundi og stjórnlagabingi og tengjast tilhögun umræðna á báðum samkomunum. Ég var starfsmaður á þjóðfundinum fyrir um ári síðan og taldi þessar ábendingar hugsanlega getað gagnast þeim. Hins vegar vildi ég koma til skila hugmyndum mínum um inntak og form stjórnarskrárinnar.

Mér var vel tekið, ábendingar mínar voru skráðar og mér tjáð að þær myndu nýtast í undirbúningi beggja atburða, þ.e. þjóðfundar og samningu stjórnarskrár á stjórnlagabingi. Í þessum pistli vil ég deila með lesendum síðara erindi mínu til undirbúningsnefndarinnar, þ.e. tillögum um inntak (innihald) og form (útlit) stjórnarskrárinnar.

### Stjórnarskrá

Stjórnlagabing tekur við af þjóðfundi. Þar verða hugmyndir fundarins nýttar sem efniviður í inntak stjórnarskrárinnar. En þá er formið eftir, skapalónið sem hugmyndunum er hellt í. Hvernig á það að líta út?

Ég hef ritað nokkrar greinar um umbætur í samfélaginu og snúa sumar að stjórnarskránni. Ein greinanna „Ísland, ertu til þjónustu reiðubúið?“, birtist á þessum vef og þar er að finna kafla sem tileinkaður er inntaki og formi stjórnarskrár.

### Inntak stjórnarskrár

Hér kemur orðréttur kafli úr áður nefndri grein minni:

**„Að sett séu ákveðin leiðarljós í stjórnarskrá eða annan sáttmála, ákveðin leiðarljós sem eru óumbreytanleg og sýni afdráttarlaust hvers konar þjóðfélag við viljum byggja.**

Þessi leiðarljós og stefnumörkun tengd henni breytist ekki þótt ný stjórn taki við. Grunnhugmyndin er að Ísland stefni að því að vera fyrirmyndarsamfélag á öllum sviðum þar sem leitast er við að virkja þegnana til að taka þátt í að svo megi verða. Fólkið er samfélagið og samfélagið er fólkið. Ríkið erum við. Við höfum rétt á því að hafa skoðun á hvernig samfélagi við viljum búa í. Stjórnmalaflokkar eru lítil samfélög fólks sem er þjálfað í að hafa skoðanir og fær borgað fyrir að hafa skoðanir stöðugt. En þeirra skoðanir eru ekki betri eða merkilegri en skoðanir annarra. Mikilvægt er að sem flestar raddir heyrist til að sátt ríki um samfélagið. Stjórnarflokkar gera oft með sér sáttmála um stefnu í ýmsum málum og allt gott um það að segja. Nauðsynlegra er þó að gera sáttmála og stefnumótun til framtíðar sem þjóðin er sátt við og meirihluti Alþingis, ríkisstjórn og valdhafar geta ekki hrært í né hnikað til. Skýr stefnumið vantar til framtíðar og stefna stjórnvalda sveiflast of mikið til eftir því hver er við stjórnartaumana. Því miður megnar núverandi stjórnarskrá ekki að stýra okkur í afgerandi rétta átt. Mannréttindaákvæði okkar eru nánast hin sömu og hjá öðrum réttarríkjum en í hana vantar einhvers konar aðfaraorð sem lýsa hvernig samfélag Ísland er og vill verða.

Okkur skortir allan stöðugleika og samkvæmni í orðum og aðgerðum. Því ber okkur oft af leið. Fólk og flokkar koma og fara en skýr stefnumótun gerir það að verkum að nýtt fólk veit að hverju það gengur og hverju þarf að taka mið af í nýju starfi. Ég vil skýra stefnu fyrir íslenskt samfélag til

framtíðar og að öllum sé ljóst hvers konar samfélagi við búum í og hvernig við viljum þróa það. Flokkspólitík á ekki að geta sveigt íslenskt samfélag af þeirri leið sem hefur verið mörkuð. Dæmi um eitt atriði sem gæti verið skrifað í slíkan sáttmála ef ég mætti ráða er þetta: „Ísland er land friðarins og er um leið herlaust land og mun ávallt verða. Ísland er utan hernaðarbandalaga. Ísland styður engar hernaðaraðgerðir gegn öðrum þjóðum. Íslenskt samfélag vill lifa í sátt og friði við aðrar þjóðir og ýtir undir að aðrar þjóðir geri hið sama.“ Ef slíkt ákvæði hefði verið til í slíkum sáttmála hefðu ráðamenn þjóðarinnar aldrei getað stutt innrásina í Írak fyrir hönd þjóðarinnar.


Þarna er ég að leggja til að stjórnarskráin sé raunverulega leiðandi stjórnarplagg og segi til um hvers konar land Ísland er og vilji verða og hvernig beri að stjórna því. Í dag vantar algjörlega alla stefnumótun til langframa í öllum málaflokkum og á fjögurra ára fresti eru stjórnáráðamenn látnir stýra landinu í hverja þá átt sem þeim sýnist, allt eftir einhvers konar sáttmála sem þeir hafa gert sín á milli en ekkert er sagt til um í stjórnarskrá. Að sjálfsögðu á það að vera í hina áttina; þeir sem fá verkefnið að leiða þjóðina með einhverjum hætti eiga að gera það eftir leiðarvísi sem heitir stjórnarskrá. Þeir eru þjóðar stjórnarskrárinnar og fólksins sem samdi hana.“ (tilvitnun Lýkur).

## Form stjórnarskrár

Ég legg til að nánast öllu formi stjórnarskrár verði breytt. Fer ég nú yfir tillögur skref fyrir skref. Að lokum er myndræn útfærsla á hugmyndinni.

- a) Kaflar stjórnarskrár verði aflagðir.
- b) Í stað kafla verði ýmsir málaflokkar látnir gilda – t.d. einn hluti sem hét *stjórnarfar*, annar *auðlindir og náttúra*, sá þriðji *Íslenska saga/menning/tunga* o.s.frv. – hægt er að flokka með ýmsu móti og gefa ýmis yfirheiti.
- c) Á undan hverjum hluta fari eins konar sáttmáli og um leið stefnumótun fyrir hvern málaflokk fyrir sig.
- d) Á eftir hverjum sáttmála komi svo einstakar stjórnarskrárgreinar eins og nú er.
- e) Stjórnarskrá hefjist á einum allsherjarsáttmála sem allir hinir sáttmálarnir ganga upp í.
- f) Þessi allsherjarsáttmáli er hugsanlega eitthvað sem gott væri að þegnarnir kynnu vel.
- g) Stjórnarskráin þarf að vera á læsilegu, einföldu máli sem allir skilja (einnig börn) og sem einfalt er að þýða, fyrir nýja Íslendinga og þá útlendinga sem vilja kynna sér hana. Í þessu samhengi langar mig að benda á vef sem ég hef átt þátt í að þróa og tengist tillögu merktri *g*. Þar er á ferðinni tilraun til að minna á nauðsyn þess að þekkja og beita sameiginlegum leikreglum í lýðveldinu Íslandi fyrir alla Íslendinga (nýja, gamla, unga og aldna) svo sameiginleg gildi megi stýra þeim í sömu átt, að gildin verndi þegnana og að þegnarnir beri einnig ábyrgð á að vernda gildin. Vefslóðin er [www.hervilegbua.is](http://www.hervilegbua.is)

**Hugmynd að útliti og formi stjórnarskrár**



Gangi ykkur vel í starfi og vonandi koma tillögur mínar að einhverju gagni.

Með virðingu og þökk,

Gunnar Freyr Valdimarsson